

**Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2014**

**frá 30. júní 2014**

**um skipulag, snið, framlagningarferli og yfirferð á upplýsingum sem aðildarríkin láta í té samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013**

Greinar 3-5, 7-10, 12-14, 16,29,32-34, 36,37 og viðaukar I – VIII auk töflu 2 í viðauka XVI

3. gr.

**Almennar reglur um skýrslugjöf um skrár yfir gróðurhúsalofttegundir**

1. Aðildarríki skulu senda upplýsingarnar, sem um getur í 1. til 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, til framkvæmdastjórnarinnar og afrit til Umhverfisstofnunar Evrópu með því að fylla út, í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. C(2014) 1539 og reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð:
  - a) töflurnar í staðlaða skýrslusniðinu með því að leggja fram heildstæðar skrár í töflureikni eða skrár á XML-ívaðsmálinu, háð tiltækileika viðeigandi hugbúnaðar, sem skulu ná yfir landfræðilegt gildissvið viðkomandi aðildarríkis samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013,
  - b) staðlað rafrænt snið fyrir skýrslugjöf um einingar Kýótóbókunarinnar og tengdar leiðbeiningar um skýrslugjöf eins og samþykkt var á ráðstefnu samningsaðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni,
  - c) I. til VIII. viðauka og X. til XV. viðauka við þessa reglugerð.
2. Gera skal drög að fullfrágenginni skýrslu um landsskrána, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, á grundvelli skipulags, sem sett er fram í viðbætinum við viðmiðunarreglur rammamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skýrslugjöf varðandi árlegar skrár yfir gróðurhúsalofttegundir, eins og fram kemur í I. viðauka við ákvörðun 24/CP.19, og með því að fylgja reglunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

4. gr.

**Skýrslugjöf í skýrslu um landsskrána eða í viðauka við skýrsluna um landsskrána**

1. Aðildarríki skulu láta upplýsingarnar og töflurnar sem krafist er skv. 6., 7. og 9. til 16. gr., koma fram í skýrslu um landsskrána eða í aðskildum viðauka við skýrsluna um landsskrána eins og tilgreint er í I. viðauka
2. Þegar aðildarríkjum er heimilt að velja hvort upplýsingarnar og töflurnar, sem gerð er krafa um, koma fram í skýrslunni um landsskrána eða í aðskildum viðauka við skýrsluna um landsskrána skulu þau tilgreina með skýrum hætti hvar upplýsingarnar eru látnar í té með því að fylla út I. viðauka.

5. gr.

**Skýrslugjafarferli**

Aðildarríki skulu nota ReportNet-búnað Umhverfisstofnunar Evrópu, sem er til afnota samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 <sup>(1)</sup>, til framlagningar á upplýsingum skv. 4., 5., 7. og 8. gr. og 12. til 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 frá 23. apríl 2009 um Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (Stjtið. ESB L 126, 21.5.2009, bls. 13).

## 7. gr.

**Skýrslugjöf um samkvæmni uppgefina gagna um loftmengunarefni**

1. Aðildarríki skulu gefa textaupplýsingar um niðurstöðurnar úr eftirlitinu, sem um getur í i. lið m-liðar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, og samkvæmni gagnanna skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, þ.m.t.:

- a) stutt mat á því hvort mót á losun kolsýrings (CO), brennisteinstvíoxíðs (SO<sub>2</sub>), köfnunarefnisoxíða (NO<sub>x</sub>) og rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda í skrá, sem aðildarríkin leggja fram samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB <sup>(1)</sup> og samkvæmt samningi Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, eru í samræmi við samsvarandi mót á losun í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013,
- b) framlagningardagsetningar skýrsla samkvæmt tilskipun 2001/81/EB og samkvæmt samningi Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa sem voru börn saman við framlagningu skrár samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013.

2. Þegar eftirlitið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, leiðir til mismunar sem nemur meira en +/-5% milli heildarlosunar tiltekins loftmengunarefnis, að undanskilinni landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF), sem skýrsla er gefin um samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og tilskipun 2001/81/EB eða samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa fyrir árið X-2, skal hlutaðeigandi aðildarríki gefa skýrslu með því að nota töfluna, sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð, til viðbótar við textaupplýsingarnar skv. 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar viðkomandi loftmengunarefni.

---

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni (Stjútíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22).

3. Aðildarríkjum er heimilt að veita einungis textaupplýsingar ef mismunur sem nemur meira en  $\pm 5\%$ , sem um getur í 2. mgr., stafar af leiðréttingu á skekkjum í gögnum, mismun á landfræðilegu umfangi eða gildissviði milli viðkomandi lagagerninga.

8. gr.

#### Skýrslugjöf um endurútreikning

Aðildarríki skulu greina frá ástæðunum fyrir endurútreikningum á grunnárinu eða -tímabilinu og á ári X-3, sem um getur í e-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, í töflunni sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

#### Skýrslugjöf um framkvæmd ráðlegginga og breytinga

1. Samkvæmt j-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 skulu aðildarríki greina frá stöðu framkvæmdar á hverri breytingu og á hverri ráðleggingu sem er tilgreind í nýjustu, einstöku, birtu útgáfu af endurskoðunarskýrslu skrifstofu ramma-samnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, þ.m.t. ástæðurnar fyrir því að framkvæma ekki slíka ráðleggingu, með því að nota töfluna í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu greina frá stöðu framkvæmdar á hverri ráðleggingu, sem er tilgreind í nýjustu endurskoðunarskýrslunni skv. 2. mgr. 35. gr., með því að nota töfluna í IV. viðauka.

10. gr.

#### Skýrslugjöf um samkvæmni milli tilkynntrar losunar og gagna úr kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir

1. Aðildarríki skulu veita upplýsingarnar, sem um getur í k-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, með því að nota töfluna sem sett er fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu gefa textaupplýsingar um niðurstöðurnar úr eftirlitinu sem er framkvæmt skv. l-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

12. gr.

#### Skýrslugjöf um samkvæmni við orkugögn

1. Samkvæmt iii. lið m-liðar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 skulu aðildarríki gefa textaupplýsingar um samanburð milli tilvísunaraðferðar, sem er reiknuð út á grundvelli gagna sem koma fram í skránni yfir gróðurhúsalofttegundir, og tilvísunaraðferðar sem er reiknuð út á grundvelli gagna úr skýrslugjöf skv. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 <sup>(1)</sup> og viðauka B við þá reglugerð.

2. Aðildarríki skulu leggja fram megindlegar upplýsingar og skýringar á mismun, sem nemur meira en  $\pm 2\%$ , á útreiknaðri landsbundinni heildarnotkun á jarðefnaeldsneyti á samtölustigi fyrir alla flokka jarðefnaeldsneytis fyrir árið X-2 með því að nota töfluna sem sett er fram í VI. viðauka.

13. gr.

#### Skýrslugjöf um breytingar á lýsingum á landsbundnum skráningarkerfum eða skráum

Aðildarríki skulu tilgreina með skýrum hætti í viðkomandi köflum í skýrslu um landsskrána ef engar breytingar hafa orðið á lýsingum á landsbundnum skráningarkerfum þeirra eða landsskrám, sem um getur í n- og o-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, frá áður framlagðri skýrslu um landsskrána.

14. gr.

#### Skýrslugjöf um óvissu og heildstæðni

1. Í þeim tilgangi að greina frá óvissu skv. p-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 skulu aðildarríki greina frá óvissumati samkvæmt aðferð 1 varðandi

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

- a) losunargildi og þróun og
  - b) gögn um starfsemi og losunarstuðla eða aðra matsmæliþætti, sem eru notaðir fyrir viðkomandi flokka, með því að nota töfluna sem sett er fram í VII. viðauka við þessa reglugerð.
2. Almennt mat á heildstæðni, sem um getur í p-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal innihalda:
- a) yfirlit yfir þá flokka sem greint hefur verið frá að hafi ekki verið metnir (e. *not estimated* (NE)), eins og skilgreint er í viðmiðunarreglum rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skýrslugjöf varðandi árlegar skrár yfir gróðurhúsalofttegundir sem koma fram í I. viðauka við ákvörðun 24/CP.19, og nákvæmar skýringar á notkun þessa táknykils, einkum ef aðferðir til að áætla gróðurhúsalofttegundir koma fram í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006,
  - b) lýsingu á landfræðilegu umfangi skráarinnar yfir gróðurhúsalofttegundir.
3. Ef aðildarríki leggur fram skrár með mismunandi landfræðilegu umfangi samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013 skal viðkomandi aðildarríki láta í té stutta lýsingu á þeim meginreglum og aðferðum sem eru notaðar til að aðgreina losun og upptöku, sem greint er frá varðandi yfirráðasvæði Sambandsins, frá losun og upptöku sem greint er frá varðandi yfirráðasvæði utan Sambandsins þegar það tekur saman skrána varðandi yfirráðasvæði Sambandsins í viðkomandi aðildarríki.

16. gr.

#### Skýrslugjöf um meiri háttar breytingar á aðferðafræðilegum lýsingum

Eigi síðar en 15. mars á hverju ári skulu aðildarríki greina frá meiri háttar breytingum á aðferðafræðilegum lýsingum í skýrslu um landskrána, eftir að hún var lögð fram 15. apríl á næstliðnu ári, með því að nota töfluna sem sett er fram í VIII. viðauka.

29. gr.

#### Fyrsta þrep árlegrar endurskoðunar

Athuganir til að sannreyna gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, samanburðarhæfi og heildstæðni framlagðra upplýsinga, sem um getur í a-lið 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, mega innihalda eftirfarandi:

- a) mat á því hvort gefin hefur verið skýrsla um alla upptakaflokka losunar og lofttegundir sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 525/2013,
- b) mat á því hvort tímaraðir fyrir losunargögn eru með samræmdum hætti,
- c) mat á því hvort ráðgerðir losunarstuðlar í öllum aðildarríkjunum eru samræmdir, að teknu tilliti til sjálfgefinna losunarstuðla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar vegna mismunandi landsbundinna aðstæðna,
- d) mat á notkun táknyklanna „Not Estimated“ (ekki metið) þar sem aðferðir í 1. aðferðaþrepi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar eru fyrir hendi og þar sem notkun á táknyklinum er ekki réttlætanagerleg í samræmi við 37. gr. í viðmiðunarreglum rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skýrslugjöf varðandi árlegar skrár yfir gróðurhúsalofttegundir eins og fram kemur í I. viðauka við ákvörðun 24/CP.19,
- e) greiningu á endurútreikningum sem gerðir eru á framlagðri skrá, einkum ef endurútreikningarnir eru byggðir á breytingum á aðferðafræði,
- f) samanburð á sannprófaðri losun sem skýrsla er gefin um samkvæmt viðskiptakerfi Sambandsins með losunarheimildir og losun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla er gefin um skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 með það í huga að greina svið þar sem losunargögn og -þróun, eins og aðildarríki sem er til endurskoðunar lagði þau fram, eru verulega frábrugðin gögnum frá öðrum aðildarríkjunum,
- g) samanburð á niðurstöðum með tilvísunaraðferð Hagstofu Evrópusambandsins og með tilvísunaraðferð aðildarríkjanna,
- h) samanburð á niðurstöðum með geiratengdri aðferð Hagstofu Evrópusambandsins og með geiratengdri aðferð aðildarríkjanna,
- i) mat á því hvort ráðleggingar úr fyrri endurskoðunum Sambandsins eða skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem aðildarríki kom ekki til framkvæmda, gætu leitt til tæknilegra leiðréttinga,

- j) mat á því hvort hugsanlega er um að ræða ofmat eða vanmat í tengslum við lykilflokk í skrá aðildarríkis.

32. gr.

#### Annað þrep árlegrar endurskoðunar

1. Athuganir til að greina tilvik þar sem gögn úr skrám eru tekin saman á einhvern hátt, sem er ekki í samræmi við leiðbeiningar rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar varðandi skjalahald eða reglur Sambandsins, sem um getur í b. lið 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, mega innihalda eftirfarandi:
  - a) nákvæmar rannsóknir á mötum á skrá, þ.m.t. aðferðafræði sem aðildarríkið notaði við að taka skrárnar saman,
  - b) nákvæma greiningu á framkvæmd aðildarríkisins á ráðleggingum sem tengjast því að bæta mót á skrá, eins og er tilgreint í nýjustu árlegu endurskoðunarskýrslu skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem var gerð tiltæk fyrir umrætt aðildarríki fyrir þá framlagningu sem er til endurskoðunar eða í lokaendurskoðunarskýrslunni skv. 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar; ef ráðleggingum var ekki komið til framkvæmda, nákvæma greiningu á rökstuðningi aðildarríkisins fyrir að koma þeim ekki til framkvæmda,
  - c) nákvæmt mat á samkvæmni tímaræða í mötum á losun gróðurhúsalofttegunda,
  - d) nákvæmt mat á því hvort gerð er grein fyrir endurútreikningum af hálfu aðildarríkis í tiltekinni framlagðri skrá, samanborið við þá fyrri, á gagnsæjan hátt og í samræmi við leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006,
  - e) eftirfylgni með niðurstöðum úr athugunum, sem um getur í 29. gr. þessarar reglugerðar, og öllum viðbótarupplýsingum sem aðildarríkið, sem er til endurskoðunar, lagði fram til að bregðast við spurningum frá endurskoðunarhópi tæknisérfræðinga og öðrum viðeigandi athugunum.
2. Aðildarríki, sem óskar þess að gangast undir athuganirnar sem um getur í 1. mgr., skal tilkynna um það til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. október á því ári sem er næst á undan árinu þegar viðkomandi endurskoðun á sér stað.

33. gr.

#### Ítarleg endurskoðun

1. Ítarlega endurskoðunin, sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal taka til athugana skv. 29. og 32. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar alla skrána.
2. Ítarlega endurskoðunin má innihalda athuganir til að greina hvort vandamál, sem eru tilgreind fyrir eitt aðildarríki í endurskoðunum skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Sambandsins, geta einnig talist vandamál fyrir önnur aðildarríki.

34. gr.

#### Tæknilegar leiðréttingar

1. Litið skal svo á að tæknileg leiðrétting sé nauðsynleg, í skilningi c-liðar 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, ef vanmat eða ofmat fer yfir mikilvægismörkin skv. 31. gr. þessarar reglugerðar. Einungis þær tæknilegu leiðréttingar sem teljast nauðsynlegar skulu teknar með í lokaendurskoðunarskýrslunni, sem um getur í 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar, ásamt meðfylgjandi gagnreyndum rökstuðningi.
2. Ef tæknileg leiðrétting fer yfir mikilvægismörkin á a.m.k. einu ári í skránni, sem er til endurskoðunar, en ekki öll árin í tímaröðunum skal reikna út tæknilegu leiðréttinguna fyrir öll hin árin sem verið er að endurskoða til að tryggja samkvæmni tímaræða.

36. gr.

#### Samstarf við aðildarríki

1. Aðildarríki skulu:
  - a) taka þátt í öllum þrepum endurskoðunarinnar samkvæmt tímaáætluninni eins og sett er fram í XVI. viðauka,

- b) tilnefna landsbundinn tengilið fyrir endurskoðun Sambandsins,
  - c) taka þátt í og stuðla að, í náinni samvinnu við skrifstofuna, skipulagningu heimsóknar til landsins, ef þörf krefur,
  - d) veita svör og viðbótarupplýsingar og gera athugasemdir við endurskoðunarskýrslurnar, eftir því sem við á.
2. Ef aðildarríki óska eftir því skulu athugasemdir varðandi niðurstöður endurskoðunarinnar koma fram í lokaendurskoðunarskýrslunni.
3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um það hvernig endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga er samsettur.

37. gr.

#### **Tímaáætlun fyrir endurskoðanir**

Ítarleg endurskoðun og árleg endurskoðun skulu fara fram samkvæmt tímaáætlununum sem settar eru fram í XVI. viðauka.

## I. VIÐAUKI

## Yfirlitstafla yfir kröfur um skýrslugjöf og framlagningu þeirra

[Grein í] þessari reglugerð	Upplýsingar sem á að veita í skýrslunni um landsskrána (NIR) (merkið við)	Upplýsingar sem á að veita í aðskildum viðauka við skýrsluna um landsskrána (merkið við)	Tilvísun í kafla í skýrslunni um landsskrána eða í aðskildum viðauka (tilgreinið)
6. gr. Skýrslugjöf um landsbundin skráningarkerfi	Skyldubundið	Á ekki við	
7. gr. Skýrslugjöf um samkvæmni uppgefinna gagna um loftmengunarefni	Hugsanlegt	Hugsanlegt	Ef í skýrslunni um landsskrána: Kafli í skýrslunni um landsskrána um „gæðatryggingar-, gæðaeftirlits- og sannprófunaráætlun“
1. mgr. 9. gr. Skýrslugjöf um framkvæmd ráðlegginga og breytinga	Skyldubundið	Á ekki við	Kafli í skýrslunni um landsskrána um endurútreikninga og umbætur
2. mgr. 9. gr. Skýrslugjöf um framkvæmd ráðlegginga og breytinga	Á ekki við	Skyldubundið	
1. mgr. 10. gr. Skýrslugjöf um samkvæmni milli tilkynntrar losunar og gagna úr kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir	Á ekki við	Skyldubundið	
2. mgr. 10. gr. Skýrslugjöf um samkvæmni milli tilkynntrar losunar og gagna úr kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir	Hugsanlegt	Hugsanlegt	Ef í skýrslunni um landsskrána: Í viðeigandi liðum skýrslunnar um landsskrána
11. gr. Skýrslugjöf um samkvæmni gagna úr skýrslugjöf um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir	Á ekki við	Skyldubundið	
12. gr. Skýrslugjöf um samkvæmni við orkugögn	Hugsanlegt	Hugsanlegt	Ef í skýrslunni um landsskrána: Í viðeigandi liðum skýrslunnar um landsskrána
13. gr. Skýrslugjöf um breytingar á lýsingum á landsbundnum skráningarkerfum eða skráum	Skyldubundið	Á ekki við	Í viðeigandi köflum skýrslunnar um landsskrána
14. gr. Skýrslugjöf um óvissu og heildstæðni	Skyldubundið	Á ekki við	Í staðlaða skýrslusniðinu í töflu 9 og í viðeigandi köflum skýrslunnar um landsskrána
1. mgr. 15. gr. Skýrslugjöf um aðra þætti að því er varðar að semja skýrslu um skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir	Skyldubundið	Á ekki við	Í viðeigandi köflum skýrslunnar um landsskrána

[Grein í] þessari reglugerð	Upplýsingar sem á að veita í skýrslunni um landskrána (NIR) (merkið við)	Upplýsingar sem á að veita í aðskildum viðauka við skýrsluna um landskrána (merkið við)	Tilvísun í kafla í skýrslunni um landskrána eða í aðskildum viðauka (tilgreinið)
3. mgr. 15. gr. Skýrslugjöf um aðra þætti að því er varðar að semja skýrslu um skrá Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir	Skyldubundið	Á ekki við	Í viðeigandi köflum skýrslunnar um landskrána
16. gr. Skýrslugjöf um meiri háttar breytingar á aðferðafræðilegum lýsingum	Hugsanlegt	Hugsanlegt	Ef í skýrslunni um landskrána: Í kaflanum um endurútreikninga og umbætur í skýrslunni um landskrána

DRÖÖ





<b>2. Iðnaðarferlar og vörunotkun</b>								
A. Jarðefnaiðnaður								
B. Efnaiðnaður								
C. Málmiðnaður								
D. Vörur, ekki til orkugjafar, frá notkun eldsneytis og leysis								
G. Önnur vöruframleiðsla og -notkun								
H. Annað								
<b>3. Landbúnaður</b>								
B. Meðhöndlun húsdýraáburðar								
D. Nytjajarðvegur								
F. Brennsla á uppskeruleifum landbúnaðar á opnu svæði								
J. Annað								
<b>5. Úrgangur</b>								
A. Förgun á föstum úrgangi								
B. Lífræn meðhöndlun á föstum úrgangi								
C. Brennsla og opin brennsla úrgangs								
D. Hreinsun skólps og losun								
E. Annað								
<b>6. Annað</b>								

- (<sup>1</sup>) Losun sem gefin er skýrsla um í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir að frádreginni losun sem gefin er skýrsla um í skrá samkvæmt tilskipun 2001/81/EB/samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa
- (<sup>2</sup>) Mismunur í kílótonnum, deilt með losun sem gefin er skýrsla um í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir
- (<sup>3</sup>) Gögn sem gefa á skýrslu um með allt að einum aukastaf fyrir kílótonn og hundraðshlutagildi



D. Vörur, ekki til orkujafar, frá notkun eldsneytis og leysis							
G. Önnur vöruframleiðsla og -notkun							
H. Annað							
<b>3. Landbúnaður</b>							
A. Gerjun í þörmum							
B. Meðhöndlun húsdýraáburðar							
C. Hrisgrjónaræktun							
D. Nytjajarðvegur							
E. Skipulögð brennsla staktrjáslétta							
F. Brennsla á uppskeruleifum landbúnaðar á opnu svæði							
G. Kölkun							
H. Notkun þvagefnis							
I. Annar áburður sem inniheldur kolefni							
J. Annað							
<b>4. Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (nettó) <sup>(4)</sup></b>							
A. Land til skógræktar							
B. Ræktarland							
C. Graslendi							
D. Votlendi							
E. Byggð							
F. Annað land							

G. Skógarhöggsafurðir							
H. Annað							
<b>5. Úrgangur</b>							
A. Förgun á fóstum úrgangi							
B. Lífræn meðhöndlun á fóstum úrgangi							
C. Brennsla og opin brennsla úrgangs							
D. Hreinsun skólps og losun							
E. Annað							
<b>6. Annað (eins og tilgreint er í samantekt 1.A)</b>							
<b>Minnisatriði:</b>							
<b>Alþjóðleg eldsneytishólf</b>							
Flugsamgöngur							
Siglingar							
<b>Margliða starfsemi</b>							
<b>Losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) frá lífmassa</b>							
<b>Fangaður koltvísýringur (CO<sub>2</sub>)</b>							
<b>Langtímageymsla kolefnis á förgunarstöðum</b>							
<b>Óbeint nituroxíð (N<sub>2</sub>O)</b>							
<b>Óbeinn koltvísýringur (CO<sub>2</sub>)</b>							
<b>Flúoruð gös: Raunveruleg heildarlosun</b>							

Ár	Á hvert gas: PFC, HFC, SF <sub>6</sub> , ótilgreind blanda af HFC og PFC, NF <sub>3</sub>							
	UPPTAKA- OG VIÐTAKAFLOKKUR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA	Fyrri framlagning (Koltvísyringsgildi, kt)	Nýjasta framlagning (Koltvísyringsgildi, kt)	Mismunur (Koltvísyringsgildi, kt)	Mismunur <sup>(1)</sup> %	Áhrif endurútreikninga á heildarlosun, að undanskilinni landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF) <sup>(2)</sup> %	Áhrif endurútreikninga á heildarlosun, þ.m.t. landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF) <sup>(2)</sup> %	Skýringar á endurútreikningum
2.B.9.	Framleiðsla íðefna sem innihalda flúor							
2.B.10.	Annað							
2.C.3.	Álframleiðsla							
2.C.4	Magnesiumframleiðsla							
2.C.7.	Annað							
2.E.1.	Samrás eða hálfleiðari							
2.E.2.	TFT-flatskjár							
2.E.3.	Ljós spennuaðferð							
2.E.4.	Varmaflutningsvökvi							
2.E.5.	Annað (eins og tilgreint er í töflu 2.II)							
2.F.1.	Kæling og loftjöfnun							
2.F.2.	Frauðþanefni							
2.F.3.	Brunavarnir							
2.F.4.	Úðabrúsar							
2.F.5.	Leysar							
2.F.6.	Önnur notkun							
2.G.1.	Rafbúnaður							

2.G.2.	Brennisteinshexaflúoríð og perflúorókölefnir úr annarri vörunotkun						
2.G.4.	Annað						
2.H.	Annað (tilgreinið):						

- (<sup>1</sup>) Hundraðshlutaþreying vegna endurúrreikninga er áætluð á grundvelli fyrri framlagningar (hundraðshlutaþreying  $100 \times [(LS - PS)/PS]$  þar sem LS = síðasta framlagning og PS = fyrri framlagning. Fjalla verður um og útskýra öll tilvik þar sem mat á upptaka-/viðtakaflokki er endurúrreiknað í skýrslunni um landsskrána
- (<sup>2</sup>) Heildarlosun vísar til samanlagðrar heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda, gefin upp sem koltvísýringsgildi, að undanskildum gróðurhúsalofttegundum frá geira landnotkun, breyttrar landnotkun og skógræktar (LULUCF). Áhrif endurúrreikninga á heildarlosun er reiknuð út sem hér segir: áhrif endurúrreikninga (%) =  $100 \times [(upptök (LS) - upptök (PS))/heildarlosun (LS)]$  þar sem LS = síðasta framlagning, PS = fyrri framlagning.
- (<sup>3</sup>) Heildarlosun vísar til samanlagðrar heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda, gefin upp sem koltvísýringsgildi, að meðtöldum gróðurhúsalofttegundum frá geira landnotkun, breyttrar landnotkun og skógræktar (LULUCF). Áhrif endurúrreikninga á heildarlosun er reiknuð út sem hér segir: áhrif endurúrreikninga (%) =  $100 \times [(upptök (LS) - upptök (PS))/heildarlosun (LS)]$  þar sem LS = síðasta framlagning, PS = fyrri framlagning.
- (<sup>4</sup>) Nettó koltvísýringslosun/-upptaka sem á að gefa skýrslu um.

#### IV. VIÐAUKI

#### Snið fyrir skýrslugjöf um upplýsingar varðandi framkvæmd ráðlegginga og breytinga skv. 9. gr.

Flokkur/álitamál í staðlaða skýrslusniðinu	Ráðleggingar úr endurskoðun	Endurskoðunarskýrsla/-liður	Svar aðildarríkis/staða framkvæmdar	Kafla/liður í skýrslunni um landsskrána

## V. VIÐAUKI

Snið fyrir skýrslugjöf um upplýsingar varðandi samkvæmni tilkynntrar losunar við gögn úr viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) skv. 10. gr.

Úthlutun á sannprófaðri losun sem stöðvar og rekstraraðilar tilkynna um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fyrir upptakaflokka í landsskrá yfir gróðurhúsalofttegundir				
Aðildarríki				
Skýrslugjafarar:				
Grundvöllur gagna: sannprófuð losun í viðskiptakerfi með losunarheimildir og losun gróðurhúsalofttegunda eins og greint er frá í framlagðri skrá fyrir árið X-2				
Heildarlosun (koltvísýringigildi)				
	Losun samkvæmt skrá yfir gróðurhúsalofttegundir [kt koltvísýringigildi] <sup>(1)</sup>	Sannprófuð losun samkvæmt tilskipun 2003/87/EB [kt koltvísýringigildi] <sup>(1)</sup>	Hlutfall í % (Sannprófuð losun/losun samkvæmt skrá) <sup>(1)</sup>	Athugasemd <sup>(2)</sup>
Losun gróðurhúsalofttegunda (heildarlosun án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir og án losunar frá almenningsflugi 1A3a, heildarlosun frá stöðvum skv. h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB)				
Losun koltvísýrings (CO <sub>2</sub> ) (heildarlosun koltvísýrings án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir og án losunar frá almenningsflugi 1A3a, heildarlosun frá stöðvum skv. h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB)				
Losun koltvísýrings (CO <sub>2</sub> )				
Flokkur <sup>(1)</sup>	Losun samkvæmt skrá yfir gróðurhúsalofttegundir [kt] <sup>(1)</sup>	Sannprófuð losun samkvæmt tilskipun 2003/87/EB [kt] <sup>(1)</sup>	Hlutfall í % (Sannprófuð losun/losun samkvæmt skrá) <sup>(1)</sup>	Athugasemd <sup>(2)</sup>
1.A Starfsemi í tengslum við brennslu eldsneytis, samtals				
1.A Starfsemi í tengslum við brennslu eldsneytis, kyrrstæður bruni				
1.A.1 Orkuíðnaður				



1.A.1.a Raforku- og varmaframleiðsla á vegum hins opinbera				
--	--	--	--	--

DRÖÖG

1.A.1.b	Jarðolíuhreinsun			
1.A.1.c	Framleiðsla á eldsneyti í föstu formi og annar orkuiðnaður			
	Járn og stál (fyrir samanlagða flokka í staðlaða skýrslusniðinu 1.A.2.a+ 2.C.1 + 1.A.1.c úr skránni yfir gróðurhúsalofttegundir og aðra viðeigandi flokka í staðlaða skýrslusniðinu sem ná yfir losun frá járn og stáli (t.d. 1A1a, 1B1) <sup>(4)</sup> )			
1.A.2.	<b>Framleiðslu- og byggingariðnaður</b>			
1.A.2.a	Járn og stál			
1.A.2.b	Járnlausir málmar			
1.A.2.c	Íðefni			
1.A.2.d	Pappírsmauk, pappír og prentun			
1.A.2.e	Matvælavinnsla, drykkjarvara og tóbak			
1.A.2.f	Málmlaus jarðefni			
1.A.2.g	Annað			
1.A.3.	<b>Flutningastarfsemi</b>			
1.A.3.e	Annar flutningur (flutningur um leiðslur)			
1.A.4	<b>Aðrir geirar</b>			
1.A.4.a	Verslun/stofnanir			
1.A.4.c	Landbúnaður/skógrækt/fiskveiðar			
1.B	<b>Lekalosun frá eldsneyti</b>			
1.C	<b>Flutningur og geymsla koltvísýrings (CO<sub>2</sub>)</b>			
1.C.1	Flutningur koltvísýrings (CO <sub>2</sub> )			

1.C.2	Inndæling og geymsla			
1.C.3	Annað			
<b>2.A</b>	<b>Vörur úr jarðefnum</b>			
2.A.1	Sementsframleiðsla			
2.A.2	Kalkframleiðsla			
2.A.3	Glerframleiðsla			
2.A.4	Önnur notkun karbónata í vinnslu			
<b>2.B</b>	<b>Efnaiðnaður</b>			
2.B.1	Framleiðsla ammoníaks			
2.B.3	Framleiðsla adipínsýru (CO <sub>2</sub> )			
2.B.4	Framleiðsla kaprólaktams, glýoxals og glýoxýlsýru			
2.B.5	Framleiðsla karbíðs			
2.B.6	Framleiðsla titandíoxíðs			
2.B.7	Framleiðsla sóða			
2.B.8	Framleiðsla úr jarðolíu eða jarðgasi og á kinroki			
<b>2.C</b>	<b>Málmframleiðsla</b>			
2.C.1	Járn- og stálframleiðsla			
2.C.2	Járnblendisframleiðsla			
2.C.3	Álframleiðsla			
2.C.4	Magnesiumframleiðsla			
2.C.5	Blýframleiðsla			

2.C.6 Sinkframleiðsla				
2.C.7 Önnur málmframleiðsla				

Flokkur <sup>(1)</sup>	Losun nituroxíðs (N <sub>2</sub> O)			
	Losun samkvæmt skrá yfir gróður- húsalofttegundir [kt koltvísýringisgildi] <sup>(2)</sup>	Sannprófuð losun samkvæmt til- skipun 2003/87/EB [kt koltvísýringisgildi] <sup>(2)</sup>	Hlutfall í % (Sannprófuð losun/losun samkvæmt skrá) <sup>(2)</sup>	Athugasemd <sup>(2)</sup>
2.B.2 Framleiðsla saltþétturssýru				
2.B.3 Framleiðsla adipínsýru				
2.B.4 Framleiðsla kapróllaktams, glýoxals og glýoxýlsýru				
Flokkur <sup>(1)</sup>	Losun perflúorókölefnis			
	Losun samkvæmt skrá yfir gróður- húsalofttegundir [kt koltvísýringisgildi] <sup>(2)</sup>	Sannprófuð losun samkvæmt til- skipun 2003/87/EB [kt koltvísýringisgildi] <sup>(2)</sup>	Hlutfall í % (Sannprófuð losun/losun samkvæmt skrá) <sup>(2)</sup>	Athugasemd <sup>(2)</sup>
2.C.3 Álframleiðsla				

<sup>(1)</sup> Gera verður grein fyrir úthlutun sannprófaðrar losunar í aðgreinda flokka í skránni með fjórum aukastöfum þegar slík úthlutun sannprófaðrar losunar er hugsanleg og losun á sér stað. Nota skal eftirfarandi táknlykla:

NO = not occurring (á sér ekki stað)

IE = included elsewhere (talið annars staðar)

C = confidential (bundið trúnaði)

óverulegt = lítið magn sannprófaðrar losunar getur átt sér stað í viðkomandi flokki í staðlaða skýrslusniðinu en magnið er < 5% af flokknum

<sup>(2)</sup> Nota skal dálkinn athugasemd til að setja stutta samantekt um athuganir sem hafa verið framkvæmdar og ef aðildarríki vill veita viðbótarskýringar að því er varðar úthlutun sem gefin er skýrsla um.

<sup>(3)</sup> Gögn sem gefa á skýrslu um með allt að einum aukastaf fyrir kílótonn og hundradshlutagildi

<sup>(4)</sup> Skal fyllt út á grundvelli samanlagðra flokka í staðlaða skýrslusniðinu, sem falla undir „járn og stál“, sem hvert aðildarríki ákvarðar fyrir sig; tiltekin formúla er einungis til útskýringar

Táknun: x = skýrslugjafarar

## VI. VIÐAUKI

## Snið fyrir skýrslugjöf um upplýsingar varðandi samkvæmni við orkugögn skv. 12. gr.

TEGUND ELDSNEYTIS		Sýnileg notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir (TJ) <sup>(3)</sup>	Sýnileg notkun með því að nota gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (TJ) <sup>(3)</sup>	Algildur mismunur <sup>(1)</sup> (TJ) <sup>(3)</sup>	Hlutfallslegur mismunur <sup>(2)</sup> % <sup>(3)</sup>	Skýringar á mismun	
Fljótandi jarðefnaeldsneyti	Aðaleldsneyti	Jarðolía					
		Bikolía					
		Fljótandi jarðgas					
	Aukaeldsneyti	Bensín					
		Steinolía fyrir þotur					
		Önnur steinolía					
		Leirsteinsolía					
		Gas-/dísilolía					
		Eldsneytisolíuleif					
		Fljótandi jarðolíugas (LPG)					
		Etan					
		Nafta					
		Jarðbik					
		Smurefni					
		Jarðolíukoks					
		Hráefni til olíuhreinsunar					
		Önnur olía					

TEGUND ELDSNEYTIS		Sýnileg notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir  (TJ) (°)	Sýnileg notkun með því að nota gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008  (TJ) (°)	Algildur mismunur ( <sup>1</sup> )  (TJ) (°)	Hlutfallslegur mismunur (°)  % (°)	Skýringar á mismun
Annað fljótandi jarðefnaeldsneyti						
Fljótandi jarðefnaeldsneyti samtals						
Jarðefnaeldsneyti í föstu formi	Aðaleldsneyti	Harðkol				
		Kokskol				
		Önnur linkol				
		Gljábrúnkol				
		Brúnkol				
		Olíuleirsteinm og tjörusandur				
	Aukaeldsneyti	Brúnkolaköggull og eldsneytisköggull				
		Koksofnakoks/gaskoks				
		Koltjara				
Annað jarðefnaeldsneyti í föstu formi						
Jarðefnaeldsneyti í föstu formi samtals						
Lofitkennt jarðefnaeldsneyti	Jarðgas (þurrt)					
Annað lofitkennt jarðefnaeldsneyti						

TEGUND ELDSNEYTIS	Sýnileg notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir (TJ) <sup>(3)</sup>	Sýnileg notkun með því að nota gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (TJ) <sup>(3)</sup>	Algildur mismunur <sup>(1)</sup> (TJ) <sup>(3)</sup>	Hlutfallslegur mismunur <sup>(2)</sup> % <sup>(3)</sup>	Skýringar á mismun
Lofitkennt jarðefnaeldsneyti samtals					
Úrgangur (ekki lífmassahluti)					

TEGUND ELDSNEYTIS		Sýnileg notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir (TJ) <sup>(3)</sup>	Sýnileg notkun með því að nota gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (TJ) <sup>(3)</sup>	Algildur mismunur <sup>(1)</sup> (TJ) <sup>(3)</sup>	Hlutfallslegur mismunur <sup>(2)</sup> % <sup>(3)</sup>	Skýringar á mismun
Annað jarðefnaeldsneyti						
Mór						
<b>Samtals</b>						

<sup>(1)</sup> Sýnileg notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir að fráreginni sýnilegri notkun með því að nota gögn úr skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1099/2008

<sup>(2)</sup> Algildur mismunur, deilt með sýnilegri notkun sem gerð er grein fyrir í skrá yfir gróðurhúsalofttegundir

<sup>(3)</sup> Gögn sem gefa á skýrslu um með allt að einum aukastaf fyrir kílótonn og hundradshlutagildi



## VII. VIÐAUKI

## Snið fyrir skýrslugjöf um upplýsingar varðandi óvissu skv. 14. gr.

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M
Flokkur millirikjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC)	Lofttegund	Grunnárlosunar eða upptöku	Losun eða upptaka á árinu $x$	Óvissa í gögnum um starfsemi	Óvissa í losunarstuðli/matsmæliþætti	Samanlögð óvissa	Framlag til dreifni eftir flokkum á árinu $x$	Næmi af gerð A	Næmi af gerð B	Óvissa í þróun á landsbundinni losun sem kemur inn vegna óvissu í losunarstuðli/matsmæliþætti	Óvissa í þróun á landsbundinni losun sem kemur inn vegna óvissu í gögnum um starfsemi	Óvissa sem kemur inn í þróun á landsbundinni heildarlosun
		Ílagsgögn	Ílagsgögn	Ílagsgögn Athugasemd A	Ílagsgögn Athugasemd A	$\sqrt{\text{Villa! Upp}}$	(Villa! Upp)	Athugasemd B	$\frac{\text{Villa! Upp}}{\sum \text{Villa! Upp}}$	I * F Athugasemd C	$\frac{J * E *}{\sqrt{\text{Villa! Upp}}}$ Athugasemd D	$K^2 + L^2$
		Gg kol-tvísýringsígildi	Gg kol-tvísýringsígildi	%	%	%	%	%	%	%	%	%
T.d. 1.A.1. Orku-iðnaður eldsneyti 1	Kol-tvísýringur (CO <sub>2</sub> )											
T.d. 1.A.1. Orku-iðnaður eldsneyti 2	Kol-tvísýringur (CO <sub>2</sub> )											
o.s.frv. ...	...											
Samtals		$\sum \text{Villa! Up}$	$\sum \text{Villa! Up}$				$\sum \text{Villa! Up}$					$\sum \text{Villa! Upp}$

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M
Flokkur millirikjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC)	Loftegund	Grunnár losunar eða upptöku	Losun eða upptaka á árinu $x$	Óvissa í gögnum um starfsemi	Óvissa í losunarstuðli/matsmæliþætti	Samanlögð óvissa	Framlag til dreifni eftir flokkum á árinu $x$	Næmi af gerð A	Næmi af gerð B	Óvissa í þróun á landsbundinni losun sem kemur inn vegna óvissu í losunarstuðli/matsmæliþætti	Óvissa í þróun á landsbundinni losun sem kemur inn vegna óvissu í gögnum um starfsemi	Óvissa sem kemur inn í þróun á landsbundinni heildarlosun
					Hundraðshlutaóvissa í heildarskrá:		$\sqrt{\sum \text{Villa! U}}$				Óvissa í þróun:	$\sqrt{\sum \text{Villa! Up}}$

Heimild: „2006 IPCC guidelines, Volume 1, Table 3.2 Approach 1 uncertainty calculation“

### VIII. VIÐAUKI

#### Snið fyrir skýrslugjöf um upplýsingar varðandi meiri háttar breytingar á aðferðafræðilegum lýsingum skv. 16. gr.

	LÝSING Á AÐFERÐUM	ENDURÚTREIKNINGAR	TILVÍSUN
<b>UPPTAKA- OG VIÐTAKAFLOKKUR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA</b>	Merkið við ef nýjasta skýrslan um landsskrána inniheldur meiri háttar breytingar á aðferðafræðilegum lýsingum samanborið við skýrsluna um landsskrána frá næstliðnu ári	Merkið við ef þetta endurspeglast einnig í endurútreikningum, samanborið við staðlaða skýrslusniðið fyrir fyrri ár	Ef merkt er við þarf að tilgreina tilvísun í viðeigandi lið eða blaðsíður í skýrslunni um landsskrána og, ef við á, nákvæmari upplýsingar, s.s. viðkomandi undirflokk eða lofttegund sem lýsingunni á var breytt
<b>Samtals (nettólosun)</b>			
<b>1. Orka</b>			
A. Brennsla eldsneytis (geiratengd aðferð)			
1. Orkuiðnaður			
2. Framleiðslu- og byggingariðnaður			
3. Flutningastarfsemi			

4. Aðrir geirar			
5. Annað			
B. Lekalosun frá eldsneyti			
1. Eldsneyti í föstu formi			
2. Olía og jarðgas og ömur losun frá orkuvinnslu			
C. Flutningur og geymsla koltvísýrings (CO <sub>2</sub> )			
<b>2. Iðnaðarferlar og vörunotkun</b>			
A. Jarðefnaiðnaður			

B. Efnaiðnaður			
C. Málmiðnaður			
D. Vörur, ekki til orkugjafar, frá notkun eldsneytis og leysis			
E. Rafeindaiðnaður			
F. Vara sem er notuð sem staðgönguvara fyrir ósneyðandi efni (ODS)			
G. Önnur vöruframleiðsla og -notkun			
H. Annað			
<b>3. Landbúnaður</b>			
A. Gerjun í þórmum			
B. Meðhöndlun húsdýraáburðar			
C. Hrísgjónaræktun			
D. Nytjajarðvegur			
E. Skipulögð brennsla staktrjáslétta			
F. Brennsla á uppskeruleifum landbúnaðar á opnu svæði			
G. Köllkun			
H. Notkun þvagefnis			
I. Annar áburður sem inniheldur kolefni			
J. Annað			
<b>4. Landnotkun, breytt landnotkun og skóg-rækt</b>			

A. Skóglendi			
--------------	--	--	--

DRÖÖG

B. Ræktarland			
C. Graslendi			
D. Votlendi			
E. Byggð			
F. Annað land			
G. Skógarhöggssafurðir			
H. Annað			
<b>5. Úrgangur</b>			
A. Förgun á föstum úrgangi			
B. Lífræn meðhöndlun á föstum úrgangi			
C. Brennsla og opin brennsla úrgangs			
D. Hreinsun skólps og losun			
E. Annað			
<b>6. Annað (eins og tilgreint er í samantekt 1.A)</b>			
<b>Kýótóbókun (KP), landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF)</b>			
Starfsemi skv. 3. mgr. 3. gr.			
Nýskógrækt/endurræktun skóga			
Skógeyðing			
Starfsemi skv. 4. mgr. 3. gr.			
Stjórnun skóga			

Stjórnun á ræktarlandi (ef valið)			
-----------------------------------	--	--	--

DRÖÖG

Stjórnun á beitolandi (ef valið)			
Endurnýjun gróðurs (ef valið)			
Framræsla votlendis og endurvæting þess (ef valið)			
	<b>LÝSING</b>		<b>TILVÍSUN</b>
<b>Kaflí í skýrslunni um landsskrána</b>	<b>Merkið við ef nýjasta skýrslan um landsskrána inniheldur meiri háttar breytingar á lýsingum samanborið við skýrsluna um landsskrána frá næstliðnu ári</b>		<b>Ef merkt er við þarf að tilgreina nákvæmari upplýsingar, t.d. tilvísun í blaðsíður í skýrslunni um landsskrána</b>
<b>Kaflí 1.2 Lýsing á fyrirkomulagi landsskrár</b>			



## XVI. VIÐAUKI

Tafla 2: Tímaáætlun fyrir ítarlega endurskoðun skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 525/2013

Starfsemi	Lýsing á verkefni	Tímasetning
Fyrsta þrep endurskoðunar og sending niðurstaðna úr því til aðildarríkjanna	Skrifstofan framkvæmir athuganir til að sannreyna gagnsæi, nákvæmni, samkvæmni, heildstæðni og samanburðarhæfi skráa aðildarríkja skv. 29. gr. þessarar reglugerðar, byggt á framlagningum frá 15. janúar, og sendir niðurstöður úr fyrsta þrepi endurskoðunarinnar til aðildarríkjanna.	15. janúar — 28. febrúar
Svar við niðurstöðum úr fyrsta þrepi endurskoðunarinnar	Aðildarríki senda svar sitt við niðurstöðum úr fyrsta þrepi endurskoðunarinnar til skrifstofunnar	Eigi síðar en 15. mars
Eftirfylgni með niðurstöðum úr fyrsta þrepi endurskoðunarinnar og niðurstöður úr eftirfylgni sendar til aðildarríkja	Skrifstofan metur svör aðildarríkja við niðurstöðum úr fyrsta þrepi endurskoðunarinnar og sendir niðurstöður úr mati og öðrum eftirstandandi atriðum til aðildarríkjanna.	15. mars — 31. mars
Svar við niðurstöðum úr eftirfylgni	Aðildarríki senda athugasemdir sínar við niðurstöðum úr eftirfylgni og önnur eftirstandandi atriði til skrifstofunnar.	Eigi síðar en 7. apríl
Samantekt á efni til endurskoðunar fyrir endurskoðunarhóp tæknisérfræðinga.	Skrifstofan tekur saman efni fyrir ítarlega endurskoðun á grundvelli framlagningar aðildarríkjanna frá 15. apríl.	15. apríl — 25. apríl
Miðlæg endurskoðun	Endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga framkvæmir athuganir skv. 32. gr. þessarar reglugerðar, tekur saman upphaflegar spurningar til aðildarríkja á grundvelli framlagningar frá 15. apríl.	25. apríl — 13. maí
Sending upphaflegra spurninga	Skrifstofan sendir upphaflegar spurningar til aðildarríkja.	Eigi síðar en 13. maí
Svar	Aðildarríki svara upphaflegum spurningum skrifstofunnar.	13. maí — 27. maí
Miðlægir fundir sérfræðinga	Endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga kemur saman til að ræða svör aðildarríkjanna, greina þverlæg málefni, tryggja samkvæmni í niðurstöðum í öllum aðildarríkjum, koma sér saman um ráðleggingar, undirbúa drög að tæknilegum leiðréttingum o.s.frv. Viðbótarspurningar eru ákvarðaðar og sendar til aðildarríkja á þessu tímabili.	28. maí — 7. júní
Svar	Aðildarríki láta skrifstofunni í té svör við spurningum og hugsanlegum tilvikum varðandi tæknilegar leiðréttingar meðan miðlæga endurskoðunin stendur yfir.	28. maí — 7. júní
Sending tæknilegra leiðréttinga	Skrifstofan sendir drög að tæknilegum leiðréttingum til aðildarríkja.	Eigi síðar en 8. júní
Svar	Aðildarríki senda svör við drögum að tæknilegum leiðréttingum til skrifstofunnar.	Eigi síðar en 22. júní

Starfsemi	Lýsing á verkefni	Tímasetning
Samantekt draga að endurskoðunarskýrslum	Endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga tekur saman drög að endurskoðunarskýrslum, þ.m.t. ósvaraðar spurningar og drög að ráðleggingum og, eftir atvikum, nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir drögum að tæknilegum leiðréttingum.	8. – 29. júní
Hugsanleg heimsókn til lands	Í undantekningartilvikum, ef umtalsverð gæðaálitamál halda áfram að vera fyrir hendi í skráum sem aðildarríki gefa skýrslu um eða ef endurskoðunarhópur tæknisérfræðinganna getur ekki leyst úr álitamálunum er heimilt að takast á hendur sérstaka heimsókn til landsins.	29. júní — 9. ágúst
Drög að endurskoðunarskýrslum	Skrifstofan sendir drög að endurskoðunarskýrslum til aðildarríkja.	Eigi síðar en 29. júní
Athugasemdir	Aðildarríki senda athugasemdir við drög að endurskoðunarskýrslum til skrifstofunnar, þ.m.t. allar athugasemdir sem þau óska að komi fram í lokaendurskoðunarskýrslunni.	Eigi síðar en 9. ágúst
Lokið við endurskoðunarskýrslur	Endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga lýkur við endurskoðunarskýrslurnar. Óformleg samskipti við aðildarríki til að fylgja eftir öllum eftirstandandi atriðum, ef þörf krefur. Skrifstofan athugar endurskoðunarskýrslurnar.	9. ágúst — 23. ágúst
Framlagning lokaendurskoðunarskýrslanna	Skrifstofan sendir lokaendurskoðunarskýrslurnar til framkvæmdastjórnarinnar og til aðildarríkjanna.	Eigi síðar en 30. ágúst